

FRAMKVÆMDARÁÆTLUN

BARNAVERNDARNEFNDAR 2006

Framkvæmdaráætlun Barnaverndarnefndar Reykjaneshæjar 2006

Í 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 kemur m.a. fram að:
„sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu.“

Í athugasemdum við lagafrumvarp til barnaverndarlaga segir m.a. um 9. gr.: *„Í slíkri áætlun skal m.a. koma fram að sett séu markmið í barnaverndarstarfi, skilgreining á þörfum fyrir úrræði og áætlun um kostnað þeirra, forgangsörðun verkefna, mat á starfsmannþörf og hvernig eftirliti barnaverndarnefnda með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum barna skuli háttáð, sbr. a-lið 12. gr. frumvarpsins.“*

Eins og fram kemur hér að ofan er gert ráð fyrir að framkvæmdaáætlun sé gerð fyrir hvert kjörtímabil en þar sem um nýmæli er að ræða í lögnum og ekki fordæmi fyrir slíkri áætlanagerð hefur dregist að ráðist sé í að fullgera áætlunina fyrir Barnaverndarnefnd Reykjaneshæjar.

Áhersla er lögð á að fylgja ákvæðum 9. gr. laganna og stuðlað þannig að vönduðum vinnubrögðum og markvissu og árangursríku barnaverndarstarfi og leitast við að setja skýr markmið í barnaverndarmálum. Framkvæmdaáætlunin á þannig að styrkja barnaverndarstarfið og gera það markvissara og árangursríkara.

Kostnaður við barnaverndarstarf skal vera í samræmi við fjárhagsáætlun Reykjaneshæjar á hverjum tíma.

Markmið í barnaverndarstarfi

Í 2.gr. bvl. nr. 80/2002 segir að markmið laganna sé að: *„tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu*

sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við."

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem samþykktur var 1989 er reynt að tryggja full mannréttindi til allra barna og unglinga. Öll börn eiga sama rétt til að lifa. Þau eiga rétt á að alast upp í friði og öryggi og virðingu fyrir hugsunum sínum og skoðunum. Velferð barnanna á alltaf að sitja í fyrirrúmi.

Börn eiga rétt á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi og gegn vanrækslu. Barnaverndarstarf verður markvisst að beinast að því að tryggja þessi grundvallar mannréttindi barna. Efla þarf foreldra og styrkja þá til að takast á við uppeldishlutverk sitt og barnaverndarstarf þarf að miðað að því að tryggja börnum eðlilegan uppvöxt og þroska.

Markmið barnaverndarstarfs í Reykjanesbæ er að bæta aðbúnað og líðan barna. Haft verður að leiðarljósi að þjóna sem best börnum og fjölskyldum þeirra.

Skilgreining á þörfum fyrir úrræði

Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar gerir markvissa starfsáætlun ár hvert þar verkefni sem fyrirhuguð eru á því starfsári eru skilgreind. Barnaverndarstarf er hluti af þeirri áætlun og unnið í samræmi við aðra félagsþjónustu sveitarfélagsins. Leitast skal við að bregðast við aðstæðum hverju sinni og laga starfið að þörfum viðskiptavinanna.

Erfiðleikar barna og fjölskyldna þeirra sem tengjast vanrækslu, þunglyndi og þroskaleysi hafa verið umfangsmikil til margra

ára. Jafnframt eru kynferðisafbrotamál fjölmörg á ári hverju. Bregðast þarf við þessum vanda og skapa viðeigandi úrræði. Efla þarf samvinnu allra aðila sem koma að málefnum barna og fjölskyldna þeirra til að vel takist til. Brýnt er að efla forvarnir og fræðslu varðandi uppeldi og aðbúnað barna og mikilvægt er að veita unglingum viðeigandi stuðning og aðstoð. Þá er einnig þörf á því að efla foreldrahæfni svo foreldrar séu betur í stakk búnir til að sinna foreldrahlutverkinu. Það er best gert með fræðslu sem felst í uppeldisnámskeiðum og fræðslu og þjálfun inni á heimilunum.

Forgangsröðun verkefna

Þegar starfsmenn barnaverndarnefndar fá tilkynningu um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin. Skal tekin kvörðun um hvort bregðast þurfi við tilkynningunni án tafar. Að öðrum kosti skal það gert á næsta meðferðarfundum, eigi síðar en innan viku frá því að tilkynning berst. Mál telst barnaverndarmál þegar tekin hefur verið formleg ákvörðun um að hefja könnun. Starfsmenn gera grein fyrir niðurstöðum könnunar máls á meðferðarfundum og ef þörf krefur er gerð áætlun um frekari meðferð málsins í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

Varðandi reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála er vísað í reglur barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar.

Í því skyni að ná fram þeim markmiðum að bæta aðbúnað og líðan barna í sveitarfélaginu verða bæjarbúar áfram hvattir til að leita eftir þjónustu barnaverndarstarfsfólks. Verður það gert með markvissum kynningum á hlutverki barnaverndar og

starfsemi Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar. Lögð verði áhersla á tilkynningarskyldu almennings skv. 16. gr. bvl.

Mikilvægt er að auka samstarf við þá aðila sem koma að málum barna og unglinga. Er það gert með reglulegum fundum og öðrum samskiptum.

Áhersla verður á hópastarf fyrir unglinga með það að markmiði að bæta líðan og efla færni þeirra.

- Sjálfstyrkingarnámskeið skulu haldin fyrir foreldra og börn eftir því sem þörf er á hverju sinni.

Í samvinnu við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, skal foreldrum boðið á uppeldisnámskeið.

Til að tryggja framþróun í barnaverndarstarfi skulu starfsmenn barnaverndarnefndar ávallt fylgjast með nýjungum á sviði barnaverndar og sækja sér menntun og endurmenntun.

Mat á starfsmannapörf

- Þrír starfsmenn eru starfandi á barnaverndarsviði en auk þess kemur félagsmálastjóri að málaflokknum. Barnaverndarmálum hefur fjölgað á síðustu árum og meiri áhersla verið lögð á forvarnarverkefni. Stöðugildi sálfræðings var tekið af barnaverndinni áramótin 2004/2005. Á móti hefur verið gerður samningur við FRÆ um sálfræðiþjónustu við FFR í barnaverndarmálum. Þessi tilraun hefur gefist ágætlega hvað afmarkaða sálfræðiþjónustu varðar en nauðsynlegt var að tryggja barnaverndinni á ný eitt stöðugildi og var félagsráðgjafi verkefna ráðinn í byrjun janúar 2006.

Eftirlit barnaverndarnefnda með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum sbr. a-lið 12.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

Barnaverndaryfirvöld skulu leitast við að gæta samræmis og jafnræðis í störfum sínum og ákvörðunum.

Í a-lið 12. gr. bvl. segir að: „Barnaverndarnefndir skulu kanna aðbúnað, háttarni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.”

Í lögnum er lögð áhersla á könnun á aðstæðum einstakra barna þegar tilefni er til fremur en eftirlit með högum barna almennt. Starfsmenn barnaverndarnefndar kanna hagi og aðstæður barna þegar tilkynnt er um að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu.

Með það að markmiði að tryggja sem bestar aðstæður barna skal auka kynningu á tilkynningarskyldu og barnaverndarstarfi bæði hjá almenningi sbr. 16.gr. bvl. og stofnunum sem vinna með börnum sbr. 17.gr.bvl. Markvisst skal auglýst í staðarblöðum hvert skal tilkynna þegar aðbúnaði og uppeldisskilyrðum er áfátt. Þá skal gefinn út kynningarbæklingur um barnaverndarstarf. Í staðarblöðum skal vera fastur rammi þar sem áréttað er að tekið sé við barnaverndartilkynningum í 112.

Nefndin skal gera grein fyrir starfi sínu árlega.